



Viðhorf leikskólastarfsmanna til málörvunar barna sem hafa íslensku sem annað mál

Sigríður Ólafsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Jóhanna Runólfsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Niðurstöður íslenskra rannsókna benda til að leikskólabörn með annað heimamál en íslensku, ísl2 börn, nái almennt ekki góðum tókum á íslensku þrátt fyrir langan dvalartíma í leikskólum. Því er mikilvægt að kanna hvert viðhorf leikskólastarfsmanna er til þess hlutverks þeirra að gefa ísl2 börnum tækifæri til að læra íslensku með fjölbreytilegum leiðum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þekkingu, reynslu og faglegt sjálfstraust leikskólastarfsmanna til málörvunar ísl2 barna. Spurningalisti var sendur til 160 leikskólastarfsmanna í Sveitarfélaginu Árborg og var svarhlutfall 44%. Niðurstöður sýndu að ófaglært starfsfólk taldi sig verja meiri tíma með ísl2 börnum en leikskólakennarar. Þátttakendur töldu öll að samræður, söngur og lestur væru mikilvægir þættir málörvunar, ásamt vinnu með orðaforða. Tæplega helmingur svarenda fullyrta að mikilvægt væri að starfsfólk hefði færni til að veita börnunum markvissa málörvun í heimamálum þeirra. Rúmlega helmingur hafði gott faglegt sjálfstraust en fimmtungur taldi sig ekki hafa næga þekkingu til að sinna málörvun ísl2 barna. Meira en helmingur svarenda taldi sig vel geta stutt börnin við að efla íslenskufærni sína eins og þau helst vildu, en aðeins fimmtungur háskólamenntaðra leikskólakennara. Hindranir voru of mörg börn og of fáir starfsmenn, of lítill tími og skortur á faglegum stuðningi. Næstum helmingur svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi taldi sig ekki hafa fengið nægan undirbúning í leikskólakennaranáminu til að veita ísl2 börnum málörvun. Niðurstöður benda til að bæta þurfi fræðslu til starfsfólks leikskóla um mikilvæga þætti sem skipta sköpum í starfsháttum með ísl2 börnum, og því séu jafnframt skapaðar aðstæður og faglegur stuðningur til að mæta þörfum þessa barnahóps. Hætta er á að tilfinning um að geta ekki sinnt málörvun ísl2 barna nægilega vel hafi neikvæð áhrif á starfshætti með börnunum. Málfærni barna eykst í gagnvirkum mállegum samskiptum við starfsfólk og jafnaldra og við virka þátttöku í innihaldsríku leikskólastarfi. Góð íslenskufærni er síðan undirstaða farsællar námsframvindu í íslenskum skólum.

Efnisorð: Fjölyngd börn, leikskóli, málörvun, íslenska sem annað tungumál

Inngangur

Dvalartími barna í íslenskum leikskólum hefur lengst verulega síðustu ár en árið 2020 dvöldu 88% barna þar átta tíma eða lengur dag hvern (Hagstofa Íslands, e.d.). Á leikskólaárum eru börn að ná tókum á þeim tungumálum sem töluð eru í umhverfi þeirra og því gefur augaleið að málörvun í leikskóla er gífurlega mikilvæg. Sérstaklega er málörvun í íslensku nauðsynleg fyrir börn sem nota annað eða önnur tungumál en íslensku með fjölskyldu sinni og eiga því íslensku sem annað tungumál, hér kölluð ísl2 börn. Í leikskóla er lagður dýrmætur grunnur að námsframvindu ísl2 barna í íslenskum grunn-, framhalds- og háskólum.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 33–34 og bls. 42–43) kemur fram að virða eigi rétt allra barna og leitast við að koma til móts við þarfir þeirra. Í uppeldi og kennslu skal veita börnum skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni þeirra í íslensku. Starfshættir í leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.

Svo virðist vera að illa náist að fylgja þessum ákvæðum *Aðalnámskrár* varðandi ísl2 börn, því þessi barnahópur nær ekki nægilega góðum tókum á íslensku á leikskólaárum sínum (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018).

Mikilvægt er að kanna hvernig starfsfólk leikskóla upplifir störf sín með ísl2 börnum, hvort það telji sig geta framfylgt þessum fyrirmælum *Aðalnámskrár* og komið til móts við þarfir og réttindi þessa barnahóps til að læra og nota íslensku á fjölbreytilegan hátt, eða hvort þar megi greina tækifæri til framfara. Því var markmið rannsóknarinnar að kanna þekkingu, reynslu og faglegt sjálfstraust leikskólastarfsmanna, sem sinna uppeldi og menntun, til málörvunar ísl2 barna.

Fræðilegur grunnur

Þróun málþroska heima og í skóla

Málnotkun og nám eru óaðskiljanlegir og samofnir þættir í þroska hvers einstaklings (Grøver o.fl., 2019). Með aukinni þekkingu, vitsmunum og hæfni fylgir aukin málfærni, og sér í lagi vaxandi orðaþekking (Snow, 2016). Orðin fela í sér merkingu og strax í leikskóla á sér stað markvisst nám með auknum orðaforða. Börn fræðast til að mynda um dýrin og náttúruna, vinskap og næringu. Allri þessari þekkingu er miðlað með orðum. Í raun má segja að stærð orðaforða barna sé vísbending um þá þekkingu sem börn hafa öðlast á viðkomandi tungumáli (Snow, 2016). Þegar í grunnskóla er komið verða framfarir í stærðfræði, náttúruvísindum, samfélagsfræði og lífsleikni samofnar vaxandi færni í tungumáli skólans. Því má fullyrða að efling málþroska barna eigi sér stað að verulegu leyti í skólastarfi, bæði í leik- og grunnskóla. Málþroski eykst í gegnum virka þátttöku á öllum sviðum námsins (Leseman o.fl., 2019; Rutherford-Quach og Hakuta, 2019).

Grunnur að málþroska barna er þó lagður strax við fæðingu heima með fjölskyldunni (Lieven, 2019). Börn fæðast með náttúrulegan hæfileika og löngun til að læra tungumál (Harris, 2019). Börn læra tungumál fyrst og fremst í gegnum samskipti og þau hjálpa þeim að skilja merkingu hljóða, orða og setninga (Aukrust, 2007; Brooks og Kempe, 2012; Johnson o.fl., 2005). Samskipti ungra barna og fullorðinna skapa tengsl og efla vitund beggja um líðan og hugsanir hver annars. Börn og fullorðnir skiptast á að hafa orðið í samtölum og því tíðari sem samskiptin eru þeim mun betra er það fyrir málþroska barna (Brooks og Kempe, 2012; Romeo o.fl., 2018).

Börn fá þó misgóða málörvun heima sem síðan mótar málfærni þeirra, málskilning, tjáningarfærni og orðaforða (Hart og Risley, 1995; Leseman o.fl., 2019). Börn sem fá ríkulegt málumhverfi þróa góðan málþroska og börn sem fá fátæklega málörvun hafa minni færni í tungumálinu (Hoff, 2006; Lieven, 2019; Noble o.fl., 2005; Rowe, 2019). Þessi munur kemur hvað skýrast fram í stærð orðaforða barna, sem síðan hefur sterk tengsl við frammistöðu þeirra í námi svo og námsframvindu (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Íslenskur orðaforði var sú breyta sem tengdist flestum bakgrunnspáttum hjá 111 börnum í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2015), en öll áttu börnin íslensku sem móðurmál. Hún fylgdi börnunum eftir í tvö ár frá fjögurra ára aldri, og mældi orðaforða þeirra, málfræði og hlustunarskilning. Niðurstöður sýndu að því eldri, menntaðri og tekjuhærri sem foreldrar barnanna voru, þeim mun betri árangri náðu börn þeirra á orðaforðaprófinu. Auk þess kom í ljós að á seinustu árunum í leikskóla varð almennt mikill vöxtur í málþroska barnanna, en þó með verulegum einstaklingsmun. Þau sem dvöldu daglega lengst í leikskólanum, eða yfir átta tíma, stóðu sig verr bæði á málfræðiprófi og hlustunarskilningsprófi en hin sem áttu styttri skólalag.

Málþroska barna við lok leikskóla spáir fyrir um námsárangur í grunnskóla voru niðurstöður viðamikillar íslenskrar rannsóknar (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016). Samtals 267 börnum var fylgt eftir frá síðasta ári í leikskóla og upp allan grunnskólann. Í upphafi voru gerðar ítarlegar mælingar á málþroska barnanna og niðurstöður bornar saman við námsárangur á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Niðurstöður sýndu sterka fylgni málþroskamælinga við lok leikskóla við mælingar á námsárangri á samræmdum prófum. Sterkust var forspá málþroskamælinganna um námsgengi í grunnskóla þegar horft var bæði á niðurstöður mælinga á málskilningi (orðskilning og setningar) með TOLD-2P og á niðurstöður mælinga á hljóð- og málvitund barnanna með HLJÓM-2.

Börn, með annað eða önnur heimamál en það tungumál sem er ríkjandi í samfélaginu, byrja yfirleitt að læra tungumál skólans þegar þau byrja í leikskóla, á Íslandi við eins til tveggja ára aldur. Á svo ungum aldri eru börn á máltökuskeiði og læra því tungumálið fyrst og fremst í gegnum tjáskipti og tengsl við umönnunaraðila. Í leikskólanum eflist færni í skólamálinu í samræmi við gæði málörvunar sem börnin fá. Því betri málörvun í leikskólanum, þeim mun meiri verða framfarirnar í skólamálinu og því betri sem málörvun er heima þeim mun betri verða þau í heimamálinu (Bowers og Vasilyeva, 2011; Dickinson og Porche, 2011; Kim og Yun, 2019; Proctor og Zhang-Wu, 2019; Rutherford-Quach og Hakuta, 2019). Stærð orðaforða skólamálsins hefur síðan mjög sterk tengsl við lesskilning barna (Leseman o.fl., 2019; Proctor og Zhang-Wu, 2019; Rutherford-Quach og Hakuta, 2019; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016; Uchikoshi og Marina-Todd, 2019). Lesskilningur liggur síðan til grundvallar í öllu námi (Uccelli, 2019).

Tengsl á milli kunnáttu tví- og fjöltýngdra barna í tungumáli eða tungumálum fjölskyldunnar og í skólamálinu eru óljós og í raun engin á meðan kunnátta í málunum nær eingöngu til algengra orða (Hoff o.fl., 2017; Leseman o.fl., 2019; Oller o.fl., 2007; Proctor og Zhang-Wu, 2019; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2017; Snow og Kim, 2007; Uchikoshi og Marina-Todd, 2019). Auk þess er almennt viðurkennt meðal fræðimanna að lengd dvalartíma í málumhverfi skiptir sköpum hvað varðar málfærni barnanna (Elín Þórðardóttir, 2011; Hoff o.fl., 2012; Huttenlocher o.fl., 1991; Pearson 2007). Þannig ættu ísl2 börn sem dvelja meirihluta vökutíma síns í íslensku málumhverfi að vera með jafngóða eða jafnvel betri færni í íslensku en í heimamáli. Markvissu leikskólastarfi fylgir ríkulegri málnotkun en með fjölskyldu heima. Með virkri þátttöku í innihaldsríku leikskólastarfi fylgir sívaxandi málþroski barna, orðaforði, málskilningur og tjáningarfærni (Chouinard, 2007; Snow, 2016).

Þróun íslenskufærni hjá börnum sem eiga íslensku sem annað mál

Hér komum við að alvöru málsins, en íslenskar rannsóknir sýna að ísl2 börn á leikskólaaldri ná ekki nægilega góðum tókum á íslensku með því að dvelja í íslensku málumhverfi í leikskólanum (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018).

Aneta Figlarska og félagar (2017) skoðuðu pólskan og íslenskan orðaforða hjá 14 ísl2 börnum á aldrinum fjögurra til sex ára. Öll börnin áttu pólsku sem móðurmál en gengu í íslenska leikskóla, og höfðu dvalið á Íslandi frá fæðingu eða frumbersku. Niðurstöður sýndu að pólskur orðaforði flestra barnanna var innan viðmiðunarmarka fyrir eintýngd pólsk börn en íslenskur orðaforði þeirra var aftur á móti mun slakari en jafnaldrar sem eiga íslensku sem móðurmál (ísl1).

Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl. (2022) könnuðu íslenskufærni 25 ísl2 barna á aldrinum fimm til sex ára með því að leggja fyrir þau málþroskaprófið MELB (Þóra Másdóttir o.fl., 2021) og orðaforðaprófið Ísl-PPVT (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2018). Jafnframt voru tekin málsýni af sjálfsprötnu tali barnanna (Jóhanna Einarsdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir, 2015). Niðurstöður þessara athugana voru bornar saman við meðalgetu eintýngdra jafnaldrar. Í ljós kom að munurinn á milli hópanna var mestur á staðlaða málþroskaprófinu MELB og á orðaforðaprófinu Ísl-PPVT. Meðaltal ísl2 barnanna á þessum mælikvörðum var tveimur til fjórum staðalfrávikum

frá meðalgetu ísl1 barnanna. Í sjálfsprottnu tali barnanna var marktækur munur á fjölbreytileika orða sem börnin notuðu og hlutfallslegum fjölda málfræðivillna. Hins vegar var ekki marktækur munur á milli hópanna tveggja á heildarfjölda orða sem börnin notuðu og hversu langar setningar þau mynduðu að meðaltali. Þessar niðurstöður benda til þess ísl2 börnin hafi í lok leikskóladvalar nægilega yfirborðsþekkingu til að gera sig skiljanleg í daglegu tali en hins vegar vanti þau dýpri og nákvæmari þekkingu á íslensku máli.

Að lokum má nefna rannsókn Kriselle Lou Suson Jónsdóttur og féлага (2018) sem beindist að hljóðkerfisvitund 45 ísl2 barna þegar þau voru fimm ára gömul. Þess ber að geta að í erlendum rannsóknum hefur það einkum verið í prófum sem mæla hljóðkerfisvitund sem tví- og fjöltyngd börn hafa komið betur út en eintyngdir jafnaldrar (Bialystok, 2008). Ástæða þess er sú að tví- og fjöltyngd börn þróa næmi fyrir fleiri hljóðum og hafa því stærra hljóðasafn en eintyngd börn. Því voru það mikil vonbrigði þegar niðurstöður Kriselle og féлага sýndu að meðaltal ísl2 barnanna var undir landsviðmiði og mun hærra hlutfall þeirra var með mjög slaka hljóðkerfisvitund í samanburði við ísl1 jafnaldra.

Því er ljóst að þrátt fyrir langa skóladaga í íslenskum leikskólum ná ísl2 börn ekki nægilega góðum tókum á íslensku, þau ná ekki einu sinni því forskoti sem tví- eða fjöltyngi ætti að gefa þeim. Slök íslenskufærni getur síðan hamlað námsframvindu þeirra þegar í grunnskóla er komið (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016). Hér ber að nefna niðurstöður rannsókna sem benda til þess að ísl2 börn nái sér ekki á strik yfir grunnskólaárin, og að bilið á milli þeirra og ísl1 jafnaldra aukist frekar en minnki með hverju skólaárinu (Elín Þórðardóttir, 2021; Elín Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2012; Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2010; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016). Stærð íslensks orðaforða þeirra þegar þau eru níu ára gömul spáir síðan fyrir um framfarir þeirra í lesskilningi fram á unglingsár (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Áhrif málörvunar í leikskóla

Í leikskóla skapast dýrmæt tækifæri til að gefa börnum gæðamálörvun, og einkum er það mikilvægt fyrir börn sem nota ekki sama tungumál með fjölskyldu sinni og í skólanum og börn sem búa við fátækleg málleg samskipti heima. Rannsóknir benda einmitt til að málnotkun leikskólakennara hafi verulega mótandi áhrif á málþroska barna sem eru í umsjón þeirra. Því fleiri og fjölbreytilegri orð sem leikskólakennarar nota í samskiptum við leikskólabörn þeim mun betur efla börnin orðaforða sinn (Bowers og Vasilyeva, 2011; Dickinson og Porche, 2011; Kim og Yun, 2019). Hér ber að nefna rannsókn Bowers og Vasilyeva (2011) sem sýndi tengsl á milli ensks orðaforða 104 barna með ensku sem annað mál og fjölda orða sem leikskólakennarar notuðu í samskiptum við þau í frjálsum leik.

Samræður milli leikskólastarfsmanna og 27 barna, með tyrknesku sem heimamál og norsku sem annað mál, á síðasta og næstsíðasta ári leikskólans, höfðu forspárgildi fyrir stærð norsks orðaforða barnanna þegar þau voru komin í fyrsta bekk grunnskóla, samkvæmt niðurstöðum norskrar rannsóknar (Aukrust, 2007). Því markvissari og fjölbreyttari sem orðanotkunin var í samræðum þeim mun meiri var orðaforði barnanna. Einnig kom fram að gæði samræðustunda barnanna og leikskólastarfsmanna höfðu meiri áhrif á orðaforða þeirra en fjöldi samræðustunda. Gæði í samræðum á milli kennara og barna einkenndust af fjölbreyttum orðaforða, stuðningi við börnin til að halda samræðum gangandi og opnum spurningum kennara.

Svipaðar niðurstöður komu fram fjórum árum síðar í rannsókn Aukrust og Rydland (2011) sem fylgdust með 25 fimm ára börnum, sem einnig höfðu tyrknesku að heimamáli og norsku sem annað mál. Eins og í fyrri rannsókn Aukrust var þeim fylgt eftir úr leikskóla yfir í grunnskóla. Rannsóknin fór fram í 18 norskum leikskólum og 20 grunnskólum. Málumhverfið í leikskólanum var mælt með því að taka upp og afrita hópatíma. Tímarnir voru greindir eftir orðafjölda, fjölda ólíkra orða og fjölda stafa og hljóða sem rætt var um. Niðurstöður sýndu að fjölbreytt orðanotkun

og innihaldsríkar samræður í leikskólanum spáðu best fyrir um norskan orðaforða barnanna ári síðar í grunnskóla.

Sambærileg rannsókn var gerð í Bandaríkjunum (Dickinson og Porche, 2011) með 57 fjögurra ára leikskólabörnum sem tilheyrðu lægri stéttum þjóðfélagsins. Rannsakendur fylgdust með mállegum samskiptum í leikskólanum og prófuðu svo börnin í lesskilningi þegar þau voru komin í fjórða bekk grunnskóla. Þau komust að því að notkun leikskólakennara á sjaldgæfum orðum í samtölum við börnin í frjálsum leik spáði fyrir um lesskilning barnanna fimm árum síðar. Sömu áhrif höfðu umræður leikskólakennaranna um efni bóka og að hvaða leyti kennararnir hjálpuðu börnunum við að taka þátt í umræðum, en málleg samskipti af þeim toga og stuðningur hafði sterkt forspárgildi um lesskilning barnanna þegar þau voru orðin níu ára gömul.

Ekki hefur enn verið kannað hvort málleg samskipti leikskólastarfsfólks hér á landi hafi áhrif á íslenskan orðaforða barna sem það annast, eða hvort fjölbreytileg orðanotkun þeirra geti spáð fyrir um lesskilning barnanna þegar þau eru komin í grunnskóla. Þó má í rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur og Ástrósar Þóru Valsdóttur (2022) greina vísbendingar um að tækifæri geti falist í að gefa ísl2 leikskólabörnum í meira mæli fjölbreytt orð í gagnvirkum samræðum við starfsfólk. Tekin voru upp samtöl á milli fjögurra starfsmanna, þar af voru tveir háskólamenntaðir leikskólakennarar, og fimm til sex ára leikskólabarna meðan á frjálsum leik barnanna stóð. Höfundar greindu orðræður starfsfólksins, annars vegar við ísl2 börn (þrjú börn) og hins vegar við ísl1 börn (11 börn). Í ljós kom að ísl2 börnin fengu færri orð á mínútu og algengari orð í samskiptum við starfsfólkið en ísl1 börnin. Orðainnlagnir og opnar spurningar starfsfólksins beindust aðeins að ísl1 börnunum. Í rannsókninni ræddi starfsmaður við ísl1 börn um híbýli dýra, kynnti fyrir þeim m.a. orðin *hesthús* og *fjárhús*, en ísl2 börnin voru ekki með í þeim hópi. Einnig áttu sér stað samtöl á milli starfsmanna og ísl1 barna um gæludýr, en ekkert af ísl2 börnunum var með í þeim umræðum. Höfundar taka fram að það hefði verið gagnlegt fyrir vitsmunalegan þroska ísl2 barnanna, auk íslenskufærni þeirra, að taka þátt í umræðunum og vangaveltum um m.a. hvort ormar og svín gætu verið gæludýr (Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir, 2022). Mikilvægt er að gæta þess sérstaklega að ísl2 börn séu með þegar starfsfólk kynnir ný orð fyrir börnum, því engin ástæða er til að vanmeta færni þessa barnahóps til að bæta nýjum orðum í safnið (sjá t.d. Harris, 2019).

Markmið rannsókna Sólveigar Reynisdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur (2022) voru að þróa starfshætti á einni leikskóladeild og leita þannig leiða til að fjölga tækifærum ísl2 barna til að auka íslenskufærni sína, með sérstakri áherslu á íslenskan orðaforða þeirra. Á deildinni voru 24 börn á aldrinum tveggja til fimm ára og voru átta af þeim ísl2 börn. Fimm starfsmenn voru á deildinni en enginn menntaður leikskólakennari. Í upphafi rannsóknarinnar var málumhverfið á deildinni ekki hvetjandi, starfsmenn beindu tali sínu sjaldan að börnunum og tækifæri til eflingar orðaforða í daglegu starfi voru illa nýtt. Meðan á rannsókninni stóð vann rannsakandi að því að fræða og hvetja starfsmenn deildarinnar til að skapa fleiri tækifæri fyrir ísl2 börnin til að efla íslenskufærni sína. Eftir því sem á rannsóknina leið varð málumhverfi barnanna jákvæðara og starfsmenn hvöttu börnin til samræðna með opnum spurningum. Einnig nýttu starfsmenn tækifæri sem buðust til að styðja við félagslega þátttöku barnanna í hlutverkaleikjum og í samskiptum við jafnaldra. Lestrarhópum var fjölgað, skipt í hópa eftir íslenskufærni barnanna og oftast lesið einslega fyrir ísl2 börnin á íslensku. Að mati rannsakenda mátti þakka þennan góða árangur lærdómssamfélaginu sem skapaðist meðal starfsfólksins, það fylltist baráttuhug og áhuga á að bæta málörvun ísl2 barnanna með fjölbreyttum leiðum sem fléttaðar voru inn í daglegt starf leikskólans.

Af þessu má sjá að grundvallaratriði er að leikskólakennarar finni ekki aðeins til ábyrgðar sinnar í samskiptum við börn, heldur einnig ánægju. Gláður og sjálföruggur kennari er líklegri til að gefa af sér til barna en sá sem hefur lítið faglegt sjálfstraust.

Faglegt sjálfstraust og viðhorf

Kennarar þurfa að búa yfir faglegu sjálfstrausti til að geta skapað hvetjandi og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur sína (Bandura, 1997). Faglegt sjálfstraust hefur áhrif á hversu mikið einstaklingur leggur á sig og hvaða leiðir hann velur til að leysa verkefni. Faglegt sjálfstraust kennara er mikilvægt því trú ungra barna á eigin hæfni er óstöðug. Ung börn nota samanburð við önnur börn að litlu leyti en reiða sig meira á viðbrögð kennara (Bandura, 1997).

Gildi og viðhorf skipta miklu máli í fari kennara. Allir einstaklingar lifa eftir ákveðnum gildum en þau eru mismunandi og breytileg eftir aðstæðum. Gildi einstaklinga eru ekki sýnileg sem slík en koma fram í skoðunum, ákvarðanatöku og viðhorfum þeirra (Posner, 2010). Viðhorf einstaklinga mótast af þeim gildum sem þeir hafa og móta þannig afstöðu þeirra til ákvarðanatöku og lífsins í heild. Þá hafa viðhorf áhrif á viðbrögð kennara í náms- og kennsluáðstæðum (Hoyle, 1986). Jákvætt viðhorf kennara til nemenda byggir á að kennari trúi að öll börn geti lært, sama hver bakgrunnur þeirra er. Ef kennari býst ekki við að barn nái góðum árangri í námi skapar hann vítahring lítilla væntinga og slakrar frammistöðu barnsins (Santoro, 2007).

Trú kennara á eigin getu getur einnig haft mikil áhrif á líðan og framfarir barna. Þannig getur kennari með góða trú á eigin getu haft jákvæð áhrif á þætti sem styrkja námsáhuga og sjálfstraust barna (Bandura, 1997; Gibson og Dembo, 1984). Slíkir kennarar eru einnig líklegri til að veita börnunum aðstoð, hrósa þeim markvisst og senda þeim skilaboð um að þau geti lært. Aftur á móti er hættu á að kennari með litla trú á eigin getu gefist auðveldlega upp ef börn ná ekki árangri eða vegna þess að honum finnst hann ekki ná að sinna þörfum barna eins og hann helst vildi (Bandura, 1997). Því er mikilvægt að kennarar og starfsfólk leikskóla sem vinna með börnum búi yfir faglegu sjálfstrausti og jákvæðu viðhorfi í garð barna ef börn eiga að ná árangri og þeim að líða vel í leikskólanum.

Faglegt sjálfstraust skapast þegar kennarar finna að þeir hafi þekkingu, færni og aðstæður til að sinna starfi sínu af ábyrgð. Varðandi málörvun í íslensku í leikskólastarfi er grundvallaratriði að starfsfólk hafi tilfinningu fyrir að starfshættir þess séu faglegir, að það treysti þekkingu sinni og færni en sé ekki í stöðugum vafa um hvort starf þess með börnunum skili nægilegum árangri. Ekki síður er það neikvætt fyrir faglegt sjálfstraust kennara ef hann nær ekki að sinna börnum eins og hann hefur þekkingu og hæfni til, og *Aðalnámskrá* kveður á um, vegna erfiðra aðstæðna í leikskólanum.

Viðhorf 512 leikskólakennara til íslenskukennslu, máluppeldis og leikskólakennaramenntunar var rannsóknarefni Ragnars Inga Aðalsteinssonar (2010). Niðurstöður sýndu að tæplega helmingur þátttakenda vildi að þáttur íslenskukennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands yrði aukinn. Nefndu þau að bæta þyrfti fræðslu sem lýtur að málþroska og málörvun og þar á meðal að auka þyrfti kennslu um máltöku og málörvun ísl2 barna. Ragnar Ingi telur að draga megi þá ályktun af svörum þátttakenda að þau telji íslenskukunnáttu og færni kennara til að veita börnum málörvun í íslensku mikilvægan þátt í starfi leikskólakennara og að þau vilji leggja sitt af mörkum, en finnst þau ekki hafa næga þekkingu til að sinna því vel.

Ári síðar kannaði Fríða Bjarney Jónsdóttir (2011) viðhorf þriggja leikskólakennara í Reykjavík til þess hvernig þau sinntu hlutverki sínu í leikskólum þar sem var hátt hlutfall ísl2 barna. Ólíkt því sem kom fram í rannsókn Ragnars Inga, þá töldu þátttakendur Fríðu Bjarneyjar sig vera nokkuð vel undirbúin til að vinna með ísl2 börnum. Tvö þeirra tóku fram að starfsreynsla og þátttaka á námskeiðum hefði kennt þeim mest varðandi málörvun og málefni ísl2 barna. Þriðji þátttakandinn kvaðst hafa öðlast ákveðna grunnþekkingu í leikskólakennaranáminu en ekki kom fram hvort undirbúningur fyrir málörvun í íslensku hefði verið nægilegur. Þátttakendur töldu mikilvægt að vinna með íslensku hjá þessum barnahópi en hvorki kom fram með hvaða hætti það skyldi gert né hverjar áherslur þeirra í starfi voru að þessu leyti.

Viðfangsefni rannsóknarinnar

Í rannsókninni sem hér er til umfjöllunar voru könnuð viðhorf starfsmanna í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar til kennslu ísl2 barna. Rannsóknin var meistaraverkefni þriðja höfundar (Jóhanna Runólfsdóttir, 2020) en hinir höfundarnir voru leiðbeinendur í verkefninu. Samkvæmt ársskýrslu fræðsluviðs Árborgar fyrir skólaárið 2017–2018 voru reknir sex leikskólar með samtals 530 börnum í sveitarfélaginu í janúar 2018. Það skólaár voru 13% leikskólabarna Árborgar með annað móðurmál en íslensku (Fræðsluvið Árborgar, 2018). Send var spurningakönnun til allra starfsmanna sem störfuðu við uppeldi og menntun barna í leikskólum Árborgar. Ástæða þess að rannsóknin takmarkaðist ekki við menntaða leikskólakennara er að árið 2017 voru eingöngu 29,2% starfsmanna leikskóla sem störfuðu við uppeldi og menntun barna á landinu menntaðir leikskólakennarar. Á Suðurlandi var hlutfallið enn lægra eða 24%. Starfsmenn sem lokið höfðu annarri uppeldismenntun, t.d. grunnskólakennaranámi, þroskaþjálfun og leikskólalíðanámi, voru 19,9% starfsmanna. Staðan hefur ekki breyst undanfarin ár því árið 2021 voru menntaðir leikskólakennarar rúmur fjórðungur starfsfólks við uppeldi og menntun leikskólabarna hér á landi (Hagstofa Íslands, 2021).

Eins og hér hefur komið fram þá læra ísl2 börn ekki nægilega vel íslensku í leikskólastarfi samkvæmt rannsóknnum. Mikilvægt er að kanna hvernig starfsfólk leikskóla upplifir störf sín með ísl2 börnum, hvort það telji sig geta fylgt ákvæðum *Aðalnámskrár* og komið til móts við þarfir og réttindi þessa barnahóps til að læra og nota íslensku á fjölbreytilegan hátt, eða hvort þar megi greina tækifæri til framfara. Því var markmið rannsóknarinnar að kanna þekkingu, reynslu og faglegt sjálfstraust leikskólastarfsmanna, sem sinna uppeldi og menntun, til málörvunar ísl2 barna.

Með spurningakönnun var því leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvaða þætti málörvunar leikskólabarna, sem eiga annað heimamál en íslensku (ísl2), telja starfsmenn vera mikilvæga?
2. Hver er reynsla starfsmanna af starfsháttum sínum með ísl2 börnum?
3. Hvert er faglegt sjálfstraust starfsmanna?
4. Telja menntaðir leikskólakennarar sig hafa fengið nægan undirbúning í námi til að sinna málörvun ísl2 barna í íslensku?

Aðferð

Þátttakendur

Rafræn spurningakönnun var í ársbyrjun 2020 send á 160 netföng starfsmanna sem sinntu uppeldi og menntun barna í leikskólum Árborgar, en þess ber að geta að einn greinarhöfundur (Jóhanna Runólfsdóttir, 2020) bjó þar og starfaði um árabíl. Alls bárust svör frá 70 starfsmönnum, sem hér eftir verða nefndir þátttakendur og var því svarhlutfall 44%. Af þátttakendunum voru 69 konur og einn karl og því verður notað hvorugkyns fornafnið þau. *Tafla 1* sýnir aldursskiptingu þátttakenda og starfsaldur.

Tafla 1. Aldursskipting og starfsaldur þátttakenda.

Aldur	n	%	Starfsaldur	n	%
16–25 ára	10	14,3	0–5 ár	24	34,8
26–35 ára	20	28,6	6–10 ár	11	15,9
36–45 ára	23	32,9	11–15 ár	12	17,43
46–55 ára	14	20,0	16–20 ár	9	13,0
56–65 ára	3	4,3	Lengur en 20 ár	13	18,8

Eins og sést í Töflu 1 voru flest af þátttakendum á aldrinum 36–45 ára og fæst voru á aldrinum 56–65 ára. Starfsaldur dreifðist nokkuð jafnt á milli aldurshópa en þó höfðu flest starfað á leikskóla í minna en 6 ár. Flest áttu íslensku að móðurmáli en fimm áttu annað móðurmál sem voru þýska, franska, pólska, úkraínska og tagalog.

Þátttakendur voru spurð um menntunarstig og eru niðurstöður settar fram í Töflu 2.

Tafla 2. Hæsta menntunarstig þátttakenda.

Menntun	n	%
Framhaldsnám í leikskólakennarafræðum í háskóla	9	13,0
Grunnnám í leikskólakennarafræðum í háskóla	14	20,3
Framhaldsnám í fræðum tengdum uppeldi og menntun í háskóla	3	4,3
Grunnnám í fræðum tengdum uppeldi og menntun í háskóla	9	13,0
Framhaldsnám í öðrum fræðum í háskóla	3	4,3
Grunnnám í öðrum fræðum í háskóla	6	8,7
Leikskólakennaranám í Fósturskóla Íslands	3	4,3
Leikskólaliðanám	2	2,9
Framhaldsskóli	13	18,8
Grunnskóli	6	8,7

Eins og sjá má í Töflu 2 var þriðjungur með leikskólakennaramenntun á háskólastigi eða 33,3%, tæpur fjórðungur var með háskólamenntun tengda uppeldi og menntun og 13% voru með aðra háskólamenntun. Um þriðjungur hafði ekki lokið háskólanámi.

Alls svöruðu 69 af 70 þátttakendum spurningu um starfsheiti og eru svör sett fram í Töflu 3.

Tafla 3. Starfsheiti þátttakenda.

Starfsheiti	n	%
Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri	9	13,0
Deildarstjóri með leikskólakennaramenntun	10	14,5
Leikskólakennari	7	10,1
Sérkennslustjóri	2	2,9
Sérkennari	3	4,3
Deildarstjóri með aðra háskólamenntun	8	11,6
Deildarstjóri með enga háskólamenntun	1	1,4
Leiðbeinandi	29	42,0

Tafla 3 sýnir að hæst var hlutfall leiðbeinenda og næststærsti hópurinn voru deildarstjórar með leikskólakennaramenntun.

Matstæki


Þátttakendur svöruðu rafrænni spurningakönnun sem var sérstaklega hönnuð fyrir rannsóknina. Könnunin innihélt lokaðar, hálfopnar og opnar spurningar. Lokaðar spurningar voru á tveggja þrepa (mikilvægt eða ekki mikilvægt) og fimm þrepa kvarða (mjög sammála, sammála, hvorki né, ósammála og mjög ósammála). Hálfopnu spurningarnar gáfu fleiri en einn valmöguleika auk þess sem opinn valkostur var í boði. Að lokum voru opnar spurningar sem gáfu þátttakendum tækifæri til að setja fram skýrari mynd af áherslum sínum og viðhorfum. Spurningakönnunin var forprófuð með tveimur leikskólakennurum sem gáfu ráð og komu með ábendingar.

Framkvæmd, gagnaöflun og úrvinnsla

Að fengnu leyfi fræðslustjóra Sveitarfélagsins Árborgar var sent leyfisbréf til allra leikskólastjóra Árborgar, sem öll undirrituðu samþykki fyrir því að spurningalisti yrði sendur öllu starfsfólki sem vann með börnum í leikskólunum. Kynningarbréf var því sent til starfsfólks 27. janúar 2020, ásamt rafrænum spurningalista úr forritinu *Google forms*. Ítrekun var send til þátttakenda í tvígang.

Niðurstöður

Fyrst voru þátttakendur spurð hvort þau sinntu eða hefðu sinnt ísl2 barni. Alls bárust 44 svör við spurningunni. Fimm þátttakendur höfðu ekki ísl2 barn í sinni umsjón. Hin 39 voru beðin um að áætla hve margar mínútur á dag að jafnaði þau væru í samskiptum við hvert ísl2 barn. Mynd 1 sýnir svör þátttakenda flokkuð eftir menntun.




Mynd 1. Samanburður út frá menntun á mati þeirra á því í hve margar mínútur á dag þau töldu sig eiga að meðaltali samskipti við hvert ísl2 barn.

Svör frá alls fimm þátttakendum voru óskýr og ónákvæm og því ekki hægt að taka þau með eins og „þegar ég næ að tala við það“ eða „alltaf þegar það er mögulegt“. Eins og *Mynd 1* sýnir gáfu aðeins 11 leikskólakennarar með háskólagráðu upplýsingar sem leitað var eftir. *Mynd 1* sýnir líka að þátttakendur með enga háskólamenntun töldu að þau ættu að meðaltali samskipti við hvert ísl2 barn í lengri tíma á degi hverjum en þátttakendur með leikskólakennaramenntun á háskólastigi sem svöruðu. Þannig töldu 54,5% svarenda með enga háskólamenntun sig eiga samskipti við hvert

Ísl2 barn í meira en 30 mínútur á dag en aðeins 30,8% svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi. Tæplega helmingur (46,2%) þeirra með leikskólakennaramenntun á háskólastigi töldu sig að meðaltali eiga samskipti við hvert ísl2 barn í 0–10 mínútur á dag en einungis 18,2% svarenda með enga háskólamenntun.


Þátttakendur voru beðin um merkja við þá þætti málörvunar sem þau töldu mikilvæga varðandi málörvun ísl2 barna. Á *Mynd 2* má sjá að þátttakendur voru sammála um mikilvægi fjölbættrar málörvunar eins og málörvunarverkefni þar sem unnið er með orðaforða, að syngja lög á íslensku, lesa íslenskar bækur, setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi, samræður í frjálsum leik og samræður við matarborðið. Hér ber að nefna að þátttakendur tóku ekki alltaf afstöðu til allra valmöguleika og því er fjöldi svara mismunandi.



Mynd 2. Svör þátttakenda um hvaða þætti þau töldu mikilvæga í málörvun. Á súlunum kemur fram fjöldi þátttakenda en hlutfall svara er á lárétta ásnum.

Þá voru þátttakendur spurð hvort þeim þætti mikilvægt að starfsmenn leikskóla hefðu góða íslenskukunnáttu og voru langflest (97,1%) frekar eða mjög sammála því. Þá taldi rúmur þriðjungur (37,1%) að mikilvægt væri að starfsmenn leikskólans hefðu þekkingu í heimamálum ísl2 barna en þó voru 30% frekar eða mjög ósammála þeirri staðhæfingu.


Svör við spurningunni um hvort mikilvægt væri að starfsmenn hefðu færni til að veita börnunum málörvun í heimamálum þeirra voru ekki alveg samhljóma, en 41,7% þeirra 60 þátttakenda sem svöruðu þessari spurningu voru frekar eða mjög sammála því. Á *Mynd 3* sést skipting svara þátttakenda eftir menntun.



Mynd 3. Mikilvægi þess að starfsmenn hafi færni til að veita ísl2 börnum málörvun í heimamálum þeirra.

Færri svarendur með leikskólamenntun á háskólastigi og háskólamenntun tengda uppeldi og menntun voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni um að mikilvægt væri að starfsmenn hefðu færni til að veita börnunum málörvun í heimamálum þeirra, eða 29,2% fyrri hópsins og 20% þess síðari. Athygli vekur að þriðjungur háskólamenntaðra leikskólakennara tók ekki afstöðu og 37,5% voru frekar eða mjög ósammála. Aftur á móti kom í ljós að helmingur svarenda sem höfðu aðra háskólamenntun og 45,8% svarenda sem höfðu enga háskólamenntun voru frekar eða mjög sammála.


Alls bárust 67 svör við spurningunni um hvort ísl2 börn fengju almennt næga málörvun í íslensku í leikskólum og af þeim var meira en helmingur sammála eða mjög sammála, eða 52,2%. Svörin voru nokkuð mismunandi eftir menntun eins og sést á Mynd 4.



Mynd 4. Svör þátttakenda eftir menntun um hvort ísl2 fái næga málörvun í leikskólum.

Meirihluti, eða 52,2% svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi, var frekar eða mjög sammála því að ísl2 börn fengju almennt næga málörvun í íslensku í leikskólum, en rúmlega þriðjungur var frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni. Aftur á móti voru 27,3% svarenda sem höfðu háskólamenntun tengda uppeldi og menntun frekar eða mjög sammála. Á meðal þeirra sem höfðu enga háskólamenntun voru aðeins tvö sem voru frekar ósammála eða mjög ósammála, en 91,3% tóku ekki afstöðu eða voru sammála því að barnahópurinn lærði almennt góða íslensku í leikskólanum.

Dátttakendur voru spurð hvort þau teldu sig hafa næga þekkingu til að sinna vel málörvun ísl2 barna. Fimm þeirra 63 þátttakenda sem svöruðu þessari spurningu voru mjög sammála því, eða 7,9% og 46% svarenda voru frekar sammála því. Því var rúmlega helmingur með gott faglegt sjálfstraust í því hlutverki. Aftur á móti voru 20,6% svarenda frekar eða mjög ósammála því að þau hefðu næga þekkingu til að sinna vel málörvun ísl2 barna. Á *Mynd 5* má sjá samanburð á hversu góða þekkingu þátttakendur töldu sig hafa á þessu sviði út frá menntun þeirra.




Mynd 5. Ég tel mig hafa næga þekkingu til að sinna vel málörvun barna sem ekki hafa íslensku sem heimamál.

Á *Mynd 5* má sjá að örfá voru mjög sammála þessari staðhæfingu. Af þeim sem voru með leikskólakennaramenntun á háskólastigi flest frekar eða mjög sammála því að þau hefðu næga þekkingu til að sinna vel málörvun ísl2 barna eða 72,7%. Rúmlega helmingur, eða 52,4%, þátttakenda með enga háskólamenntun var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. Svör þátttakenda með aðra háskólamenntun og háskólamenntun tengda uppeldi og menntun voru mun dreifðari en einungis 35% þeirra voru sammála fullyrðingunni.

Dátttakendur voru spurð hvort þau teldu sig geta veitt ísl2 börnum þann stuðning sem þau helst vildu við að efla íslenskufærni sína og svöruðu 60,0% svarenda þeirri spurningu játandi. Nokkur munur var á svörum eftir menntun en aðeins 20,0% þátttakenda sem höfðu leikskólakennaramenntun á háskólastigi svöruðu játandi samanborið við 57,9% þátttakenda sem höfðu enga háskólamenntun. Þegar þátttakendur voru innt eftir ástæðu þess að þau gætu ekki stutt við íslenskufærni barnanna nefndu flest að það væru of mörg börn og of fátt starfsfólk á deildinni. Rúmlega þriðjungur svarenda, eða 38,8%, taldi að ein af ástæðunum væri skortur á faglegum stuðningi. Tvö svöruðu því til að þau hefðu ekki nægilega kunnáttu í íslensku til að sinna málörvun ísl2 barna.

Mynd 6 sýnir hvort þátttakendur með leikskólakennaramenntun teldu sig hafa fengið nægan undirbúning í námi til að sinna málörvun í íslensku hjá ísl2 börnum.



Mynd 6. Svör þátttakenda um undirbúning í námi til að sinna málörvun ísl2 barna í íslensku.

Meira en helmingur þeirra háskólamenntuðu leikskólakennara sem svöruðu spurningunni var hvorki sammála né ósammála því að þau hefðu fengið nægan undirbúning í námi til að sinna málörvun ísl2 barna. Tæplega helmingur þeirra, eða 45,5%, var frekar eða mjög ósammála og innan við fjórðungur var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.

Umræður

Markmið rannsóknarinnar voru að kanna þekkingu, reynslu og faglegt sjálfstraust leikskólastarfsmanna hér á landi, sem sinna uppeldi og menntun, til málörvunar barna sem eiga annað heimamál en íslensku (ísl2 barna). Meginhvatinn að rannsókninni voru niðurstöður rannsókna sem leitt hafa í ljós að þessi barnahópur lærir almennt ekki nægilega vel íslensku í leikskólastarfi (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018). Mikilvægt er að kanna hvernig starfsfólk leikskóla upplifir störf sín með ísl2 börnum, hvort það telji sig hafa þekkingu, færni og aðstæður til að fylgja ákvæðum *Aðalnámskrár*. Rafræn spurningakönnun var send á 160 netföng starfsmanna sem sinntu uppeldi og menntun barna í leikskólum Árborgar. Alls bárust svör frá 70 starfsmönnum og var því svarhlutfall 44%.

Það kom rannsakendum á óvart að meirihluti svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi var frekar eða mjög sammála fullyrðingu um að ísl2 börn fengju almennt næga málörvun í íslensku í leikskólum, en rúmlega þriðjungur var frekar eða mjög ósammála því. Tæplega þriðjungur þátttakenda sem hafði háskólamenntun tengda uppeldi og menntun var aftur á móti sammála eða mjög sammála fullyrðingunni. Á meðal þeirra sem höfðu enga háskólamenntun tóku 91,3% ekki afstöðu eða voru sammála því að barnahópurinn fengi almennt nægan stuðning til að læra íslensku í leikskólanum.

Rúmlega helmingur hafði gott faglegt sjálfstraust en fimmtungur taldi sig ekki hafa næga þekkingu til að sinna málörvun ísl2 barna. Meira en helmingur svarenda taldi sig vel ná að styðja börnin við að efla íslenskufærni sína eins og þau helst vildu, en innan hans gildi þetta samt aðeins um fimmtung háskólamenntaðra leikskólakennara. Helstu hindranir voru of mörg börn, of fáir starfsmenn, of lítill tími og skortur á faglegum stuðningi.

Næstum helmingur þeirra þátttakenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi, sem svöruðu spurningu um hvort þau teldu sig hafa fengið nægan undirbúning í leikskólakennaranáminu til að veita ísl2 börnum málörvun, var frekar eða mjög ósammála því en innan við fjórðungur var sammála eða mjög sammála.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar má greina vísbendingar um að bæta þurfi fræðslu og stuðning við leikskólastarfsmenn sem hafa ísl2 börn í umsjón sinni. Verkefnið er nokkuð brýnt því lítil færni

í íslensku getur takmarkað möguleika barnanna á farselli námsframvindu þegar í grunnskóla er komið (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016). Ólíkt því sem almennt á við um ísl2 börn taka börn með íslensku sem móðurmál (ísl1) marktækum framförum í öllum þáttum málþroska á þessum aldri og seinustu árin í leikskóla eru sérstakt gróskutímabil fyrir málþroska ísl1 barna (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Athyglisvert er að meðal þátttakenda rannsóknarinnar sem töldu sig verja aðeins 0–10 mínútum með hverju ísl2 barni á dag voru flest háskólamenntaðir leikskólakennarar en á meðal þeirra sem töldu sig verja lengstum tíma með börnunum var hæst hlutfall starfsfólks með enga háskólamenntun. Þessar niðurstöður eru nokkurt áhyggjuefni þar sem menntaðir starfsmenn búa yfir fagþekkingu og ættu einnig að búa yfir sérþekkingu í málörvun ísl2 barna. Niðurstöður norskrar rannsóknar sýndu þó að gæði samræðustunda barna og leikskólastarfsmanna hafa meiri áhrif á orðaforða þeirra en fjöldi samverustunda (Aukrust, 2007). Því gæti verið að starfsmenn með leikskólakennaramenntun á háskólastigi leggi meiri áherslu á gæði í samskiptum við ísl2 börn en lengd samskipta. Einnig er hugsanlegt að þau hafi annan skilning á samskiptum við börn en aðrir þátttakendur. Mögulega gera þau meiri kröfur til samskiptanna og telja einungis til samskipta gæðastundir þar sem þau sýna barninu fulla athygli. Í ljósi þessara niðurstaðna verður að hafa í huga að aðeins fimmtungur háskólamenntuðu leikskólakennaranna taldi sig ná að veita ísl2 börnum þá málörvun sem þau helst vildu.

Hins vegar er nauðsynlegt að horfa samtímis á þær niðurstöður að meira en helmingur þátttakenda með leikskólamenntun á háskólastigi taldi að ísl2 börn fengju almennt góða málörvun í leikskólum landsins. Háskólamenntaðir leikskólakennarar eru því ekki einhuga um þörfina fyrir að bæta þurfi málleg samskipti við barnahópinn. Spurning er hvort meirihluti þeirra viti ekki af rannsóknum sem sýna að ísl2 börn ná almennt ekki nægilega góðum tókum á íslensku í leikskóla (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018). Reyndar taldi tæplega helmingur háskólamenntuðu leikskólakennaranna sig ekki hafa fengið nægan undirbúning í kennaranáminu til að veita ísl2 börnum málörvun. Niðurstöður eru því nokkuð sterk vísending um að í leikskólakennaramenntun þurfi að efla þátt málþroska- og læsisfræða, og að í starfsþróun leikskólakennara og almenns starfsfólks sé fjallað um rannsóknir á íslenskufærni barnahópsins.

Samt sem áður voru allir þátttakendur meðvitaðir um mikilvægi þess að eiga samræður við ísl2 börn og þegar þátttakendur voru beðin um að nefna þann þátt sem þau teldu mikilvægastan í málörvun ísl2 barna nefndu flest að eiga tíð samskipti við börnin. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna á máltöku barna sem sýna að börn læra tungumál fyrst og fremst í gegnum samskipti (Aukrust, 2007; Brooks og Kempe, 2012; Johnson o.fl., 2005).

Auk þess töldu öll, sem svöruðu spurningakönnuninni, mikilvægt að lögð væru fyrir ísl2 börn málörvunarverkefni þar sem unnið er með orðaforða og flest töldu kennslufræðilega leiki mikilvæga, þar sem starfsmaður kynnir börnum orð og spyr opinna spurninga. Niðurstöður norskrar rannsóknar (Aukrust og Rydland, 2011) sýndu að fjölbreytt orðanotkun og krefjandi samræður í leikskóla spáðu best fyrir um ríkan orðaforða tvítýngdra fimm ára barna ári síðar í grunnskóla. Einnig leiddu niðurstöður rannsóknarinnar í ljós að það skilar sér í auknum orðaforða og dýpri skilningi á orðum ef börn dvelja í málumhverfi leikskóla þar sem ríkur orðaforði er notaður og orð sett fram í mismunandi samhengi. Gæði málörvunar í leikskóla hafa sérstaklega mikil áhrif hjá börnum sem nota annað tungumál en skólamálið með fjölskyldu sinni (Aukrust, 2007; Bowers og Vasilyeva, 2011) eða börnum sem tilheyra lægri stéttum þjóðfélagsins (Dickinson og Porche, 2011).

Það er greinilega ekki nóg að starfsfólk leikskóla sé upplýst um árangursríkar leiðir til málörvunar ef þau ná ekki að nýta sér þá þekkingu í starfi með ísl2 börnum. Hér ber að nefna rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur og Ástrósar Þóru Valsdóttur (2022) sem sýndi að ísl2 leikskólabörn fengu færri orð á mínútu en ísl1 börn og líka mun algengari orð í samtölum við starfsfólk, en þar á

meðal voru tveir háskólamenntaðir leikskólakennarar. Í rannsókninni fengu ísl2 börnin engar orðainnlagnir eða opnar spurningar sem aðeins var að finna í orðræðum starfsmanna við ísl1 börn. Í starfendarannsókn Sólveigar Reynisdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur (2022) taldi starfsfólk leikskóla (engin með leikskólakennaramenntun á háskólastigi) að ísl2 börnin hefðu góða íslenskufærni, þau gerðu það sem þeim var sagt og gátu gert sig skiljanleg þegar á þurfti að halda. Það var ekki fyrr en starfsfólkið fór að veita þeim sérstaka athygli að í ljós kom að börnin voru meira og minna óvirk í mállegum samskiptum við jafnaldra og starfsfólk. Starfsfólkið var því í upphafi á sama máli og meirihluti svarenda þessarar rannsóknar, sem fullyrtu að ísl2 börn fengju almennt næga málörvun í íslensku í leikskólum, sem bendir til að þörf sé á fræðslu til starfsfólks leikskóla þar sem rannsóknir með ísl2 börnum eru kynntar.

Allt starfsfólkið sem svaraði spurningakönnuninni taldi mikilvægt að lesnar væru íslenskar bækur fyrir ísl2 börn. Það gefur til kynna að þátttakendur séu upplýst um mikilvægi lestrar. Má þar nefna að niðurstöður rannsóknar Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2015) sýndu jákvæða fylgni milli orðaforða íslenskra barna og þess hve oft lesið er fyrir þau. Einnig sýndu niðurstöður rannsóknar Amalíu Björnsdóttur og féлага (2003) að börn sem lesið var fyrir daglega sýndu marktækt betri færni í hljóðkerfisvitund en þau sem lesið var fyrir einu sinni til tvisvar í viku. Það er þó ekki nóg að lesa fyrir hóp barna, því ekki er tryggt að hvert einasta barn skilji og geti tekið þátt í samræðum um lesturinn. Í rannsókn Sólveigar Reynisdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur (2022) uppgötvaði starfsfólk leikskóla að ísl2 börnin sátu að verulegu leyti annars hugar í lestrarstundum, létu lítið fyrir sér fara og tóku lítið eða ekkert þátt í umræðum. Þegar starfsfólkið fór að beina spurningum til þeirra um efni sögunnar sem lesin var hrukku flest þeirra í kút og gátu engu svarað. Lestrarstundirnar nýttust þeim því lítið til málörvunar í íslensku, hvorki til aukningar málskilnings né tjáningarfærni. Auka þarf þekkingu og færni leikskólastarfsfólks í að vinna með lestur á árangursríkan hátt, þannig að hvert einasta barn njóti góðs af.

Með virkri þátttöku ættu ísl2 börn, sem dvelja fleiri klukkustundir í íslensku málumhverfi leikskólans en heima á virkum dögum, að vera með jafngóða eða jafnvel betri færni í íslensku en í heimamálinu. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að lengd dvalartíma í málumhverfi skiptir verulegu máli fyrir málþroska barna (Elín Þórðardóttir, 2011; Hoff o.fl., 2012; Huttenlocher o.fl., 1991; Pearson, 2007). Auk þess fylgir markvissu leikskólastarfi ríkulegri málnotkun en með fjölskyldu heima. Með þátttöku í innihaldsríku leikskólastarfi eykst stöðugt orðaforði barna og almenn málfærni (Chouinard, 2007; Snow, 2016). Óvirk þátttaka er hins vegar ekki líkleg til árangurs þótt dvalið sé í málumhverfinu margar klukkustundir hvern virkan dag.

Flest af þátttakendum rannsóknarinnar voru frekar eða mjög sammála því að mikilvægt væri að starfsmenn leikskólans hefðu góða íslenskukunnáttu. Þessar niðurstöður eru samhljóma niðurstöðum úr megindlegri rannsókn Ragnars Inga Aðalsteinssonar (2010) sem sýndu að leikskólakennarar töldu íslenskukunnáttu og færni kennara til að veita börnum málörvun í íslensku mikilvægan þátt í starfi leikskólakennara. Athygli vekur að niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að eftir því sem menntun þátttakenda var meiri þeim mun mikilvægari töldu þátttakendur góða íslenskukunnáttu leikskólastarfsmanna vera. Afstaða svarenda um mikilvægi þess að starfsfólk hefði færni í heimamálium ísl2 barna var ekki eins einróma. Þriðjungur svarenda var sammála eða mjög sammála og þriðjungur frekar eða mjög ósammála.

Svör við spurningunni um hvort mikilvægt væri að starfsmenn hefðu færni til að veita börnunum málörvun í heimamálium þeirra voru heldur ekki samhljóma, en 41,7% þeirra þátttakenda sem svöruðu þessari spurningu voru frekar eða mjög sammála. Hlutfall þeirra sem voru frekar eða mjög sammála var lægst á meðal svarenda sem höfðu leikskólamenntun á háskólastigi og háskólamenntun tengda uppeldi og menntun. Hins vegar var fjórðungur háskólamenntuðu leikskólakennaranna hvorki sammála né ósammála og tæp 40% ósammála eða mjög ósammála. Greinilega er ekki einhugur í háskólamenntuðum leikskólakennurum, né meðal annars starfsfólks, um hvort leggja beri áherslu á eflingu heimatungumála ísl2 barna í íslensku leikskólastarfi.

Það að svo skiptar skoðanir séu á meðal þátttakenda og að háskólamenntuðu leikskólakennararnir hafi skipst nánast í þrennt í afstöðu sinni til kennslu í heimamálum ísl2 barna í leikskólastarfi er nokkuð merkilegt. Ísl2 börn eiga fjölmörg heimamál og það kann að vera erfitt að koma því við í leikskólastarfi að efla markvisst færni þeirra í tungumálunum, sérstaklega þegar málörvun í íslensku næst ekki með góðu móti. Hér ber að hafa í huga að rannsóknir á málþroska tví- og fjöltyngdra barna hafa ekki sýnt skýr tengsl á milli þróunar heimamáls og annars máls eða annarra mála hjá ungum börnum (Proctor og Zhang-Wu, 2019; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2017; Snow og Kim, 2007). Færni í hvoru/hverju tungumáli fyrir sig byggist á þeirri málörvun sem börnin fá í því tungumáli, með lítil eða engin tengsl við hæfni í hinu málinu eða öðrum þeim tungumálum sem börnin nota og læra. Jákvæð áhrif verða ekki fyrir en færnin í tungumálunum er orðin þónokkur (Hoff o.fl., 2017; Leseman o.fl., 2019; Oller o.fl., 2007; Proctor og Zhang-Wu, 2019; Quiroz o.fl., 2010). Einnig ná ísl2 börn almennt ekki því forskoti sem tví- og fjöltyngi ætti að gefa þeim (Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018), vegna þess að íslenskufærni þeirra er svo takmörkuð.

Sá tími sem ísl2 börn dvelja í leikskólanum er dýrmætur því þar gefast tækifæri til að tala og læra íslensku. Niðurstöður íslenskrar rannsóknar sýndu að foreldrar ísl2 barna vildu að börnin lærðu íslensku í leikskólanum (Kriselle Lou Suson Jónsdóttir o.fl., 2018). Því ættu starfsmenn leikskólans að beina allri sinni athygli og orku í að styðja börnin við að taka virkan þátt í öllu starfi leikskólans og auka þannig tækifæri barnanna til að taka stöðugum framförum í íslensku. Mikilvægt er að íslenskt skólakerfi standi undir væntingum foreldra, sem treysta skólunum fyrir velferð barna sinna.

Svör við spurningunni um faglegt sjálfstraust þátttakenda sýndu að á meðal svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi var hæst hlutfall (72,7%) frekar eða mjög sammála því að þau hefðu næga þekkingu til að veita ísl2 börnum málörvun. Hins vegar var yfir heildina aðeins rúmlega helmingur svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni sem er áhyggjuefni því faglegt sjálfstraust kennara getur haft veruleg áhrif á líðan og framfarir barna. Kennarar þurfa að búa yfir starfsgleði og öryggi til að geta skapað hvetjandi og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur sína (Bandura, 1997; Gibson og Dembo, 1984). Auka og bæta þarf uppbyggilega fræðslu og stuðning til leikskólastarfsmanna svo þau finni til sjálfsöryggis og gleði í samskiptum við ísl2 börn, og til að þau hafi þekkingu og getu til að veita börnunum gæðamálörvun í íslensku sem börnin eiga rétt á.

Þátttakendur voru spurð um hverjar væru helstu hindranir þeirra í starfi með ísl2 börnum. Meirihluti svarenda sagðist ekki geta veitt ísl2 börnum nægilegan stuðning því of mörg börn væru á hverri deild. Tæplega helmingur sagði að of fáir starfsmenn væru á hverri deild og aðeins lægra hlutfall nefndi skort á faglegum stuðningi. Einnig tók um þriðjungur svarenda fram að enginn tími væri til að sinna sérstaklega málörvun ísl2 barna og fjórðungur fullyrti að ekki væri gert ráð fyrir málörvun ísl2 barna í starfsskipulagi deildarinnar. Þessar niðurstöður má bera saman við niðurstöður úr starfendarannsókn Sólveigar Reynisdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur (2022) sem sýndu að með því annars vegar að skapa lærdómssamfélag þar sem starfsmenn vinna saman og deila sömu sýn og hins vegar með því að auka stuðning og fjölbreytni í daglegu starfi á deildinni fengu ísl2 börn aukin tækifæri til að læra íslensku, og þar á meðal að auka íslenskan orðaforða sinn. Starfið inni á deildinni tók í síauknum mæli mið af þörfum barnanna.

Tæplega helmingur svarenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi taldi sig ekki hafa fengið nægan undirbúning í námi til að sinna málörvun í íslensku með ísl2 börnum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður tólf ára gamallar íslenskrar rannsóknar sem leiddi í ljós að næstum helmingur leikskólakennara vildi að þáttur íslenskukennslu í kennaramenntun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands yrði aukinn og að efla þyrfti fræðslu um máltöku og málörvun ísl2 barna (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010). Hér ber að líta til þess að jákvætt viðhorf kennara til nemenda byggir á því að kennari trúir að öll börn geti lært, sama hver bakgrunnur þeirra er. Ef kennari trúir ekki að barn geti lært skapar hann vítahring lítilla væntinga og slakrar

frammistöðu barnsins (Santoro, 2007). Lítið faglegt sjálfstraust leikskólstarfsmanna getur haft veruleg áhrif á starfshætti þeirra með ísl2 börnum. Ef þau hafa litla trú á að þau geti gefið börnunum gæðamálörvun í íslensku og ef þau halda að þau þurfi líka að gefa þeim málörvun í tungumálunum sem þau nota með fjölskyldum sínum, sem flest starfsfólk hefur enga þekkingu í, má leiða líkum að því að þeim fallist hendur og guggni undan ofurmiklu ábyrgðarhlutverki sínu. Aukin fræðsla um málþroska tví- og fjöltyngdra barna til starfsmanna leikskóla, bæði menntaðra og ómenntaðra, er nauðsynleg og mikilvægt er starfsfólkið sé samtaka og hafi þekkingu á hvaða þættir skipta sköpum í málörvun ísl2 barna. Auk þess þarf að bæta aðstöðu starfsfólks og barna í leikskólum, að nægur mannaflí sé til að mæta þörfum hvers einasta barns og til að hægt sé að uppfylla ákvæði *Aðalnámskrár*: „Í uppeldi og kennslu skal veita börnum skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni þeirra í íslensku. Starfshættir leikskóla skulu hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 33–34 og bls. 42–43)

Í hnotskurn leiðir rannsóknin í ljós að auka þarf fræðslu og stuðning við allt starfsfólks leikskóla þar sem miðlað er niðurstöðum rannsókna með ísl2 börnum, hvað þær þýða, hvernig hægt er að gefa börnunum gæðastuðning og málörvun og styðja þau til virkrar þátttöku í leikskólastarfi með jafnöldrum. Í leikskóla er lagður grunnur að íslenskufærni barnanna sem síðan liggur til grundvallar farsælli námsframvindu í íslenskum skólum (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Takmarkanir rannsóknarinnar

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar voru í fyrsta lagi lágt svarhlutfall spurningakönnunar eða 44% starfsfólks í leikskólum Árborgar. Könnunin var send á 160 netföng en alls bárust 70 svör. Sendar voru ítrekanir í pósti tvisvar sinnum auk þess sem hringt var í leikskólastjóra sem hvöttu starfsmenn til þátttöku. Vegna lágs svarhlutfalls er hugsanlegt að svörin endurspegli ekki svör þýðisins. Í öðru lagi svöruðu ekki allir þátttakendur öllum spurningum. Spurningakönnunin innihélt bæði opnar og lokaðar spurningar og bárust færri svör við opnum spurningum. Opnar spurningar gera þá kröfu að svarið sé samið frá grunni af þátttakendum í stað þess að þeim sé boðið að velja á milli nokkurra valmöguleika og er það hugsanleg ástæða færri svara (Grétar Þór Eyþórsson, 2013). Í þriðja lagi er hætta á að þátttakendur hafi misskilið spurningar og/eða lagt ólíkan skilning í þær sem getur haft áhrif á svör þeirra og þar með niðurstöður rannsóknarinnar. Tvö af þátttakendum töldu sig ekki hafa nægilega kunnáttu í íslensku til að sinna málörvun ísl2 barna og því gætu þau einnig hafa átt í erfiðleikum með að skilja allar spurningarnar. Í fjórða lagi þarf að hafa í huga að svör þátttakenda við spurningum eru hugmyndir þeirra og viðhorf sem endurspeglar ekki endilega raunveruleikann og má þar nefna að tímalengd samskipta þátttakenda og ísl2 barna var ekki mæld heldur voru þátttakendur beðin um að svara hvað þau teldu sig eiga löng samskipti við hvert ísl2 barn á hverjum degi. Í fimmta lagi voru þátttakendur öll á sama svæði af landinu og hugsanlega endurspeglar það ekki heildarviðhorf leikskólstarfsmanna á landinu öllu.

Icelandic preschool staff attitudes towards language stimulation for children whose home language is other than Icelandic

Adequate Icelandic language skills are crucial for children's development and overall success in Icelandic schools. Research has shown that children in Icelandic preschools, whose home language is other than Icelandic (referred to as ísl2 children), lack Icelandic language proficiency, and are far behind age peers whose Icelandic is their first language (referred to as ísl1 children) (Aneta Figlarska et al., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir et al., 2022; Kriselle Lou Suson Jónsdóttir et al., 2018). In this study, preschool staff's knowledge, and attitudes towards language stimulation for ísl2 children were studied as well as their experiences and professional confidence. An online questionnaire was sent to all preschool staff in Árborg municipality who worked in early childhood education. The questionnaire was sent to 160 email addresses and 70 responses were received, giving a response rate of 44%. Participants had varying educational background and qualifications: 33.3% had a university degree in early childhood education, 24.6% had different university degrees related to education, 13.0% had another type of university degree, and 34.8% had no formal education.

Results revealed that participants without formal education spent more time with ísl2 children than those with a university degree in early childhood education. In the former group 54.4% claimed they spent more than 30 minutes each day with each ísl2 child, compared to 30.8% of the latter group. Almost half of the university educated preschool teachers (46.2%) said that they spent only 0–10 minutes daily with each ísl2 child. Roughly half of responding preschool teachers believed that ísl2 children were in general acquiring good language stimulation in Icelandic preschools. All participants believed that oral communication, songs and reading were important aspects of ísl2 children's language stimulation, as well as working explicitly with vocabulary. In addition, more than a third of the respondents (41.7%) claimed that it was important that the staff were able to give ísl2 children language stimulation in their home languages. Roughly half of the participants (53.9%) had good professional confidence relating to language stimulation for ísl2 children, but a fifth believed they did not have enough knowledge to give ísl2 children language stimulation. Over half of the participants (60%) claimed they were able to give the children the language input needed, but only a fifth of those with a university degree in early childhood education. The main hindrances were too many children and too few staff members in each classroom, limited time available to focus on this issue, and lack of professional support. Almost half of the participants with early childhood university degrees (45.5%) believed they were not adequately prepared by their studies to support ísl2 children's language development. Judging from these results, there is a sense of insecurity amongst preschool staff relating to their language communication and stimulation with ísl2 children. The results also show that preschool staff need to be better informed about what school activities are important in ísl2 children's language stimulation (Aukrust, 2007; Aukrust et al., 2011; Bowers & Vasilyeva, 2011; Dickinson & Porche, 2011; Kim & Yun, 2019; Leseman et al., 2019; Romeo et al., 2018; Snow, 2016; Sólveig Reynisdóttir & Sigríður Ólafsdóttir, 2022). Preschool staff need to be aware that first language stimulation should not, according to research, be the main focus of ísl2 children's early years' education in Icelandic preschools. This is especially important given that only half of the participants believed they were able to support these children well enough in acquiring Icelandic language skills. Findings indicate that preschool staff, both those with a university degree and those without qualifications, need better professional support and more favorable working conditions so they will be able to give the ísl2 children the effective interactive language communication the children need and deserve (Mennta- og

menningarmálaráðuneytið, 2011). Solid Icelandic language skills are a prerequisite for their educational wellbeing in Icelandic schools (Jóhanna T. Einarsdóttir et al., 2016; Sigríður Ólafsdóttir et al., 2016).

Key words: Multilingual children, preschool, language stimulation, Icelandic as a second language

Um höfunda

Dr. Sigríður Ólafsdóttir (sol@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast einkum að málþroska og læsi, og þróun orðaforða og lesskilnings hjá börnum sem eiga íslensku sem annað tungumál.

Dr. Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) er prófessor við Háskóla Íslands, bæði á Menntavísindasviði og á Heilbrigðisvísindasviði. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að mælingum og meðferð við stami sem og máltöku barna, bæði hjá þeim sem sýna eðlilega framvindu í máltökunni og þeim sem sýna frávik.

Jóhanna Runólfsdóttir (johannarunolfs@gmail.com) lauk bachelor-gráðu í íþróttfræði árið 2015 frá Háskólanum í Reykjavík og meistargráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í menntunarfræði leikskóla árið 2020. Hún býr nú í Odense í Danmörku með fjölskyldu sinni og starfar þar sem leikskólakennari.

About the authors

Dr. Sigríður Ólafsdóttir (sol@hi.is) is an assistant professor at The School of Education, University of Iceland. Her main research field is language development and literacy, and the development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners.

Dr. Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) is a professor at the University of Iceland, School of Education and School of Health. Her research has focused on measures and treatment of fluency disorders as well as general language acquisition and measurement of developmental language disorders.

Jóhanna Runólfsdóttir (johannarunolfs@gmail.com) completed her Bachelor's degree in sport science in 2015 from the University of Reykjavík and a master's degree from the School of Education, University of Iceland, in 2020. She lives with her family in Odense Denmark and works as a preschool teacher.

Heimildir

- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þróun HLJÓM-2 og tengsl þess við lestarfærni og ýmsa félagslega færni. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 12, 9–30.
- Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði leikskólabarna sem eiga pólsku að móðurmáli: Einkenni málumhverfis tvítyngdra barna heima og í leikskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2017*. https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf
- Aukrust, V. G. (2007). Young children acquiring second language vocabulary in preschool group-time: Does amount, diversity, and discourse complexity of teacher talk matter? *Journal of Research in Childhood Education*, 22(1), 17–37. <https://doi.org/10.1080/02568540709594610>
- Aukrust, V. G. og Rydland, V. (2011). Preschool classroom conversations as long-term resources for second language and literacy acquisition. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 32(4), 198–207. <https://doi.org/10.1016/j.appdev.2011.01.002>
- Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. W. H. Freeman.
- Bialystok, E. (2008). Acquisition of literacy in bilingual children: A framework for research. *Language Learning*, 57(1), 45–77. <https://doi.org/10.1111/1467-9922.00180>
- Bowers, E. og Vasilyeva, M. (2011). The relation between teacher input and lexical growth of preschoolers. *Applied Psycholinguistics*, 32(1), 221–241. <https://doi.org/10.1017/S0142716410000354>
- Brooks, P. J. og Kempe, V. (2012). *Language development*. The British Psychological Society; John Wiley & Sons.
- Chouinard, M. M. (2007). Children's questions: A mechanism for cognitive development: III. Diary study of children's questions. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 72(1), 45–57. <https://doi.org/10.1111/j.1540-5834.2007.00415.x>
- Dickinson, D. K. og Porche, M. V. (2011). Relation between language experiences in preschool classrooms and children's kindergarten and fourth-grade language and reading abilities. *Child Development*, 82(3), 870–886. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2011.01576.x>
- Elín Þórðardóttir. (2011). The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. *International Journal of Bilingualism*, 14(5), 426–445. <https://doi.org/10.1177/1367006911403202>
- Elín Þórðardóttir. (2021). Adolescent language outcomes in a complex trilingual context: When typical does not mean unproblematic. *Journal of Communication Disorders*, 89, 106060. <https://doi.org/10.1016/j.jcomdis.2020.106060>
- Elín Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir. (2012). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, 16(4), 411–435. <https://doi.org/10.1080/13670050.2012.693062>
- Friða Bjarney Jónsdóttir. (2011). „Allt sem þú þorir ekki að tala um verða fordómar seinna meir“. *Rýnt í hlutverk leikskólakennara með fjölbreyttum barnahópi [meistararitgerð, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið]*. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/10272>
- Fræðslusvið Árborgar. (2018). *Ársskýrsla fyrir skólaárið 2017–2018*. <https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2018/09/%C3%81rssk%C3%BDrsla-f%C3%A6%C3%B0slusvi%C3%B0s-2017-2018.pdf>
- Gibson, S. og Dembo, M. H. (1984). Teacher efficacy: A construct validation. *Journal of Educational Psychology*, 76(4), 569–582. <https://doi.org/10.1037/0022-0663.76.4.569>
- Grétar Þór Eyþórsson. (2013). Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttur (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 457–476). https://www.researchgate.net/publication/282867824_Spurningakannanir_Um_ord_og_ordanotkun_oppbyggingu_og_framkvaemd
- Grøver, V., Uccelli, P., Rowe, M. L. og Lieven, E. (ritstjórar). (2019). Learning through language. *Í Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 1–15). Cambridge University Press.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Börn í leikskólum eftir aldri, lengd viðveru og rekstrarformi 1998–2020*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_IsNemendur/SKO01001.px

- Hagstofa Íslands. (2021). *Kenningar rúmur fjórðungur starfsfólks við uppeldi og menntun leikskólubarna*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/starfsfolk-i-leikskolum-2020/>
- Harris, J. (2019). Infants want input. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 31–39). Cambridge University Press.
- Hart, B. og Risley, T. R. (1995). *Meaningful differences in the everyday experience of young American children*. Paul H. Brookes.
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Thelma Einarisdóttir og Íris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítýngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun* [grein samþykkt til birtingar].
- Hoff, E. (2006). How social contexts support and shape language development. *Developmental Review*, 26(1), 55–88. <https://doi.org/10.1016/j.dr.2005.11.002>
- Hoff, E., Core, C., Place, S. og Rumiche, R. (2012). Dual language exposure and early bilingual development. *Journal of Child Language*, 39(1), 1–27. <https://doi.org/10.1017/S0305000910000759>
- Hoff, E., Quinn, J. M. og Giguere, D. (2017). What explains the correlation between growth in vocabulary and grammar? New evidence from latent change score analyses of simultaneous bilingual development. *Developmental Science*, 21(2), e12536. <https://doi.org/10.1111/desc.12536>
- Hoyle, E. (1986). *The politics of school management*. Hodder and Stoughton.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólubarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögurra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://hdl.handle.net/1946/23665>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2018). Orðaforði íslenskra barna frá 4 til 8 ára aldurs: Langtímarannsókn á vaxtarhraða og stöðugleika. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2018.15>
- Huttenlocher, J., Haight, W., Bryk, A., Seltzer, M. og Lyons, T. (1991). Early vocabulary growth: Relation to language input and gender. *Developmental Psychology*, 27(2), 236–248. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.27.2.236>
- Johnson, J., Christie, J. og Wardle, F. (2005). *Play, development and early education*. Pearson.
- Jóhanna T. Einarisdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2016). The predictive value of preschool language assessments on academic achievement: A 10-year longitudinal study of Icelandic children. *American Journal of Speech-Language Pathology*, 25(1), 67–79. https://doi.org/10.1044/2015_AJSLP-14-0184
- Jóhanna T. Einarisdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir. (2015). Málsýni leikskólubarna: Aldursbundin viðmið. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/010.pdf>
- Jóhanna Runólfssdóttir. (2020). Viðhorf leikskólustarfsfólks til málörvunar barna sem hafa annað móðurmál en íslensku [meistararitgerð, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið]. *Skemman*. <http://hdl.handle.net/1946/36772>
- Kim, Y-S. G. og Yun, J. (2019). Theory- and evidence-based language learning and teaching for young children: Promoting interactive talk in the classroom. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 64–73). Cambridge University Press.
- Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Thelma Einarisdóttir. (2018). Linguistically diverse children in Iceland: Their family language policy and Icelandic phonological awareness. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 7–38). Cambridge Scholars Publishing.
- Leseman, P. P. M., Henrichs, L. F., Blom, E. og Verhagen, J. (2019). Young monolingual and bilingual children's exposure to academic language as related to language development and school achievement. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 205–217). Cambridge University Press.
- Lieven, E. (2019). Input, interaction, and learning in early language development. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 19–30). Cambridge University Press.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leisk_vefur.pdf
- Noble, K. G., Norman, M. F. og Farah, M. J. (2005). Neurocognitive correlates of socioeconomic status in kindergarten children. *Developmental Science*, 8(1), 74–87. <https://doi.org/10.1111/j.1467-7687.2005.00394.x>
- Oller, D. K., Pearson, B. Z. og Cobo-Lewis, A. B. (2007). Profile effects in early bilingual language and literacy. *Applied Psycholinguistics*, 28(2), 191–230. <https://doi.org/10.1017/S0142716407070117>
- Pearson, B. (2007). Social factors in childhood bilingualism in the United States. *Applied Psycholinguistics*, 28(3), 399–410. <https://doi.org/10.1017/S014271640707021X>
- Posner, B. Z. (2010). Another look at the impact of personal and organizational values congruency. *Journal of Business Ethics*, 97(4), 535–541. <https://doi.org/10.1007/s10551-010-0530-1>
- Proctor, C. P. og Zhang-Wu, Q. (2019). Cross-linguistic relations among bilingual and biliterate learners. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 218–234). Cambridge University Press.
- Quiroz, B. G., Snow, C. E., og Zhao, J. (2010). Vocabulary skills of Spanish-English bilinguals: Impact of mother-child language interactions and home language and literacy support. *International Journal of Bilingualism*, 14(4), 379–399. <https://doi.org/10.1177/1367006910370919>
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2010). Viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslunnar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/7849>
- Romeo, R. R., Leonard, J. A., Robinson, S. T., West, M. R., Mackey, A. P., Rowe, M. L. og Gabrieli, J. D. (2018). Beyond the 30-million-word gap: Children’s conversational exposure is associated with language-related brain function. *Psychological Science*, 29(5), 700–710. <https://doi.org/10.1177/0956797617742725>
- Rowe, M. L. (2019). Learning more than language through language during early childhood. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 40–51). Cambridge University Press.
- Rutherford-Quach, S. og Hakuta, K. (2019). Bilingualism as action. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 247–253). Cambridge University Press.
- Santoro, N. (2007). Outsiders and others: Different teachers teaching in culturally diverse classrooms. *Teachers and Teaching: Theory and Practice*, 13(1), 81–97. <https://doi.org/10.1080/13540600601106104>
- Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir. (2022). Málleg samskipti starfsmanna við börn sem hafa íslensku sem annað mál og börn með íslensku sem móðurmál. *Netla – Vefrit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/01.pdf>
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Sérrit Netlu 2016 – Um læsi*. http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2017). Íslenskur orðaforði og lesskilningur nemenda með íslensku sem annað mál: Tengsl við móðurmálskennslu. *Fagtímaritið Glæður, Félag íslenskra sérkennara*, 27, 35–51.
- Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/7850>
- Snow, C. (2016). The role of vocabulary versus knowledge in children’s language learning: A fifty year perspective. *Journal for the Study of Education and Development*, 40(1), 1–18. <https://doi.org/10.1080/02103702.2016.1263449>
- Snow, C. E. og Kim, Y.-S. (2007). Large problem spaces; The challenge of vocabulary for English language learners. Í A. E. M. Richard, K. Wagner og K. R. Tannenbaum (ritstjórar), *Vocabulary acquisition: Implications for reading comprehension* (bls. 123–139). Guilford Press.
- Sólveig Reynisdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. (2022). Leikum, lesum og spjöllum: Aukin tækifæri leikskólabarna með íslensku sem annað mál til að efla íslenskan orðaforða sinn. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Bók um menntun ungra barna*. Háskólaprent.

- Uccelli, P. (2019). Learning the language for school literacy: Research insights and a vision for a cross-linguistic research program. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 95–109). Cambridge University Press.
- Uchikoshi, Y. og Marinova-Todd, S. H. (2019). Pushing the limits: Dual-language proficiency and reading development in the United States and Canada. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 235–246). Cambridge University Press.
- Póra Másdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2021). Málfærni eldri leikskólabarna (MELB). *Staðlað málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 4–6 ára*. Háskóli Íslands (námsleið í talmeinafræði); Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.



Sigríður Ólafsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Jóhanna Runólfsdóttir. (2022). Viðhorf leikskólafólks til málörvunar barna sem hafa íslensku sem annað mál Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/04>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.4>